



Reykjavík, 30. nóvember 2021
ÞON21100043

Til Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um árshlutauppgjör – R21090041.

Vísað er til bréfs, dagsett 26. október. 2021, þar sem óskað er eftir svörum frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði um fjárfestingaverkefni Þjónustu og nýsköpunarsviðs.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Þróstur Sigurðsson
Skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur

Þorgeir Hafsteinn Jónsson
Fjármálastjóri Þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Kjartan Kjartansson
Deildarstjóri stoð- og tækniþjónustu

Hjálagt er svar við fyrirspurn Flokks fólksins ÞON21100043.

Svar

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð.

Sendandi: Þróstur Sigurðsson, skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur; Þorgeir Hafsteinn Jónsson, fjármálastjóri og Kjartan Kjartansson, deildarstjóri stoð- og tækniþjónustu.

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um árshlutauppgjör - R21090041.

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 9. september 2021, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 15. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fram kemur í gögnum um árshlutauppgjör og í ársskýrslu að heildarfjárfesting sviðsins var 1.251 m.kr. eða 1.2 milljarðar. Umræddar fjárfestingar skiptast u.þ.b til helminga milli nýrra upplýsingakerfa og fjárfestinga í upplýsingatækni. Í því sambandi vill fulltrúi Flokks fólksins spyrja. Hvaða upplýsingakerfi voru keypt? Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi? Af hverjum var hvert upplýsingakerfi keypt? Var viðhaft útboð á fyrrgreindum upplýsingakerfum? Voru fleiri valkostir fyrir hendi í hverju tilviki? Hafa öll fyrrgreind upplýsingakerfi verið tekin í notkun? Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni? Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi? Af hverjum voru fyrrgreind kerfi keypt? Hefur sú upplýsingatækni sem fjárfest var í verið tekin í notkun?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 26. október 2021.

Svar:

Heildarfjárfesting sviðsins árið 2020 nam 1.251 milljónum króna. Þar af var fjárfest fyrir 1.201,6 milljónir króna í nýjum upplýsingakerfum og upplýsingatækni.

Fjárfesting í upplýsingakerfum og upplýsingatækni skiptist í eftirfarandi 75 liði:

Kaup og innleiðing Scope umsýslukerfis fyrir Borgarskjalasafn. Kostnaður 12,8 mkr.

Lausn fyrir Borgarskjalasafnið. Einfaldar sýn og gerir leit í skjölum einfaldari og notendavænni.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Ekkert upplýsingakerfi var keypt. Samið var um afnot af Scope umsýslukerfi fyrir Borgarskjalasafnið. Einfaldar yfirsýn og gerir leit einfaldari og notendavænni. Auk þess gerir Þjóðskjalasafn kröfur um að skjöl séu skráð skv. alþjóðlegum kröfum í slíkt kerfi.

Af hverjum var hvert upplýsingakerfi keypt?

Samið var um afnot af lausninni frá svissneska fyrirtækinu Scope Solutions ag.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindum upplýsingakerfum?

Ekki var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi þar sem áætlaður kostnaður gaf ekki tilefni til þess. Framkvæmd var verðfyrirspurn.

Voru fleiri valkostir fyrir hendi í hverju tilviki?

Nei, Scope var eini aðilinn sem svaraði verðfyrirspurninni.

Hafa öll fyrrgreind upplýsingakerfi verið tekin í notkun?

Já, kerfið hefur verið tekið í notkun og er ennþá í innleiðingu.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Fjárfest var í lausn á markaði fyrir umsýslukerfi fyrir Borgarskjalasafnið ásamt verkefnastýringu og innleiðingu.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

Kostnaður við lausnina árið 2020 nam alls 12.814.460 kr. og skiptist þannig:

- Staðlaður hugbúnaður: 8.815.740 kr.
- Sérfræðiþjónusta- tölvubúnaður: 117.480 kr.
- Önnur sérfræðiþjónusta: 88.352 kr.
- Innleiðing og verkefnastýring: 3.792.888 kr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

Borgarskjalasafnið óskaði eftir að fundin yrði lausn til að mæta kröfum Þjóðskjalasafnsins um að skjöl séu skráð í kerfi skv. alþjóðlegum kröfum.

Forgreining, grunnuppsetning, innkaup og innleiðing á WebMethods – samþættingarlausn. Kostnaður 42,37 mkr.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Samþættingarlag og stafrænt ferlakerfi (Digital Platform = Verkvangur). Með lausninni er hægt að tengja saman kerfi sem Reykjavíkurborg notar þannig að gögn flæði á milli.

Af hverjum var hvert upplýsingakerfi keypt?

Samið var um afnot af lausninni af Advania.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindum upplýsingakerfum?

Útboðsferlum var fylgt og farið í hefðbundið útboð.

Voru fleiri valkostir fyrir hendi í hverju tilviki?

Já, tvö tilboð bárust.

Hafa öll fyrrgreind upplýsingakerfi verið tekin í notkun?

Já, lausnin hefur verið tekin í notkun.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Fjárfest var í samþættingarlagslausninni WebMethods ásamt verkefnastýringu og innleiðingu.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

Kostnaður við lausnina nam alls 42.372.066 kr. á árinu 2020 og skiptist þannig:

- Hugbúnaðarleyfi: 31.469.061 kr
- Uppsetning og forritun: 5.939.005 kr.
- Innleiðing og verkefnastýring: 4.968.000 kr.

S5 – Umsóknakerfi fyrir umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði. Kostnaður 7,6 mkr.

Stafræn lausn fyrir umsóknir og afgreiðslu um félagslegt leiguhúsnæði borgarinnar.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Ekkert upplýsingakerfi var keypt. Samið var um afnot af lausninni S5 fyrir umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði.

Af hverjum var hvert upplýsingakerfi keypt?

Samið var um afnot af lausninni af Advania.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindum upplýsingakerfum?

Já, framkvæmt var útboð og farið var í samkeppnisviðræður.

Voru fleiri valkostir fyrir hendi í hverju tilviki?

Já, það voru fleiri aðilar sem tóku þátt í samkeppnisviðræðunum.

Hafa öll fyrrgreind upplýsingakerfi verið tekin í notkun?

Já, lausnin hefur verið sett upp. Innleiðingu er að ljúka.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Fjárfest var í lausn sem er á markaði ásamt verkefnastýringu og innleiðingu.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

Kostnaður við lausnina nam alls 7.632.654 kr. á árinu 2020 og skiptist þannig:

- Sérfræðiþjónusta - tölvubúnaður : 5.456.000 kr.
- Sérfræðiþjónusta: 1.050.815 kr.
- Innleiðing og verkefnastýring: 1.125.839 kr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

Velferðarsvið óskaði eftir nýrri lausn á móttöku og afgreiðslu umsókna samhliða breytingum á reglum.

Forgreining, uppsetning, innleiðing Confluence, nýs umsjónarkerfis fyrir skipulagshandbók auk yfirfærslu og samþættingu gagna úr eldri kerfum. Kostnaður 9,18 mkr.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Confluence umsjónarkerfið sem þegar var í notkun hjá borginni var valið til að að hýsa nýja skipulagshandbók.

Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi?

Kostnaður við kerfið sjálft er ekki inn í þessari tölu þar sem kerfið var þegar í notkun en í öðrum tilgangi. Það var mat stjórnenda að töluverður ábati og samlegð væri fólgin í að nýta sama kerfið fyrir marga mismunandi þætti starfseminnar.

Af hverjum var kerfið keypt?

Kerfið er keypt af Atlassian.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?

Ekki var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi því áætlaður kostnaður gaf ekki tilefni til þess. Kerfið hefur síðan þá notið töluverðra vinsælda og hafa fleiri skrifstofur tekið það í notkun. Notkun kerfisins hefur því vaxið og samliða því kostnaður. Vinna við formlegt innkaupaferli er hafin.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?

Já, en það var álit stjórnenda að töluverður ábati og samlegð væri fólgin í að nota sama kerfið fyrir marga mismunandi þætti starfseminnar.

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?

Já, kerfið var í notkun en ný skipulagshandbók hefur byggð upp út frá nýjum áherslum og verið tekin í notkun.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Í nýju umsjónakerfi fyrir skipulagshandbók og endurhönnun helstu grunnferla í samræmi við ITILv4. Vinnan fólst í enduruppsetningu skipulagshandbókar, flutningi gagna úr eldri kerfum og endurhönnun helstu skipulagsskjala út frá nýjum áherslum ITILv4.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

Kostnaður við vinnu vegna endurhönnunar og enduruppsetningu skipulagshandbókar í nýju umsjónakerfi var 9,18 mkr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

Confluence var upphaflega keypt til að hafa umsjón með kerfishandbókum. Kerfið er einstaklega þægilegt í notkun og sáu starfsmenn og stjórnendur tækifæri til að ná fram ábata og samlegð með því að fækka þeim kerfum sem starfsmenn þyrftu að fletta upp í og nota við sín daglegu störf. Því var ákveðið að byggja upp frá grunni nýja skipulagshandbók í umsjónarkerfinu Confluence.

Búnaðarkaup til viðhalds og endurnýjunar netinnviða. Kostnaður 77,93 mkr.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Cisco SmartNet þjónustu- og viðhaldsáskrift til eins árs fyrir nýjan búnað.

Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi?

Cisco SmartNet til eins árs fyrir nýjan búnað kostaði 6,07 mkr.

Af hverjum var kerfið keypt?

Advania.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?

Kaupin falla undir útboð 14527 um SmartNet þjónustu- og viðhaldsáskrift vegna netbúnaðar. Þessi viðbótarkaup innan þess samnings eru vegna nýs búnaðar.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?

Nei. Reykjavíkurborg er samningsbundin Advania í kjölfar útboðs.

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?

Já. SmartNet þjónustan varð virk um leið og búnaður var tekinn í notkun.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Netbúnaði, skiptum, þráðlausum sendum, tengiskottum og stýringum fyrir 71,86 mkr.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

- SmartNet þjónustu- og viðhaldssamningur (fyrsta árið) 6,07 mkr.
- Netbúnaður skv. útboði 14934 fyrir 66,3 mkr.
- Netbúnaður skv. útboði 14960 fyrir 1,1 mkr.
- Ýmis smærri innkaup á netbúnaði innan rammasamnings fyrir 4,46 mkr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

Viðhalda þarf grunnvirkni netkerfis borgarinnar. Einnig er netkerfi borgarinnar ört vaxandi og þörf fyrir aukna afkastagetu mikil.

Vinna við frágang á notkunarstað, tengingu, stand- og uppsetningu á búnaði vegna nýrra netinnviða. Kostnaður 17,68 mkr.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Undir þessum lið eru fjárfestingar vegna kerfis sem bíður upp á þráðlaust net víðsvegar um borgina, undir flaggi WiFi4EU. Einnig fellur undir þennan lið standsetning á Cisco hug- og vélbúnaði vegna aukinnar fjarfunda og VPN þarfar í kjölfar aukinnar fjarvinnu starfsmanna vegna Covid.

Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi?

Ekki var keypt nýtt kerfi. Viðbætur voru keyptar við það netumsjónarkerfi sem var í notkun svo að það réði við auknar þarfir.

Af hverjum var kerfið keypt?

Þjónusta og viðbætur við núverandi kerfi voru keypt af Sensa, Advania og Ellert V Einarsson ehf.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?

Já. Þessi kaup voru innan rammasamnings. Þau innkaup sem ekki voru boðin út sérstaklega voru innan viðmiðunarmarka innkaupareglna.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?

Já. Þessi kaup voru innan rammasamnings. Þau innkaup sem ekki voru boðin út sérstaklega voru innan viðmiðunarmarka innkaupareglna.

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?

Já, öll kerfin hafa verið tekin í notkun.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Net- og ljósleiðaralögnum að nýjum búnaði eða á nýjum starfsstöðum, útskiptum á gömlum símsstöðvum sem og standsetningu nýs búnaðar. Það fellur í hlut Þjónustu- og nýsköpunarsviðs að greiða fyrir nýjar lagnir en endurnýjun eldri lagna eru greiddar af rekstraraðila viðkomandi starfsstaðar.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

- WiFi4EU – 6,4 kr.
- Viðbætur og standsetning vegna VPN og WebEx – 2,2 mkr.
- Endurnýjun símsstöðva 3,2 mkr.
- Nýjar net- og ljósleiðaralagnir 5,88 mkr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

WiFi4EU var vegna styrks frá Evrópusambandinu. Viðbætur við VPN og WebEx voru vegna þarfar fyrir aukna afkastagetu vegna Covid og endurnýjun símsstöðva var vegna úreldingar á eldri tækni. Nýjar net- og ljósleiðaralagnir voru vegna ábyrgðar Þjónustu- og nýsköpunarsviðs á að

greiða fyrir nýja innviði á starfsstöðum t.d. lagnir að nýjum þráðlausum sendum þegar ekki er mögulegt að endurnýta eldri lagnir eða lagnaleiðir.

Búnaðarkaup til viðhalds og endurnýjunar miðlægra innviða. Kostnaður 20,16 mkr.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Netþjónn tileinkaður WebEx viðbótum auk tilheyrandi WebEx leyfum. Stýribúnaður fyrir netþjóna í vélasal. Netþjónar í vélasal UTR og ný símtæki tengd aðalsímstöð.

Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi?

WebEx netþjónn auk tilheyrandi WebEx hugbúnaðarleyfa var keyptur vegna þarfar fyrir aukna afkastagetu vegna Covid fyrir 2,68 milljónir. Stýribúnaður fyrir netþjóna var keyptur fyrir 2,69 mkr.

Af hverjum var kerfið keypt?

WebEx þjónn var keyptur frá Sensa og stýribúnaður fyrir netþjóna Advania.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?

Leitað var tilboða fyrir smærri innkaup innan viðmiðunarmarka. Netþjónar voru keyptir með örútbóði 15013.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?

Já. Þessi kaup voru innan rammasamnings. Þau innkaup sem ekki voru boðin út sérstaklega voru innan viðmiðunarmarka innkaupareglna.

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?

Já, þau voru þegar í notkun. Keyptar viðbætur juku afköst. Allir netþjónar sem keyptir voru hafa verið teknir í notkun.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Netþjónar fyrir kerfi og vefi í eigin hýsingu. Símar til útleigu fyrir starfsemi borgarinnar voru keyptir af Origo. Gagnageymslur og annar smærri miðlægur búnaður.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

- Netþjónar í vélasal 13,3 mkr.
- Önnur tæki 0,7 mkr.
- Gagnageymslur og annar miðlægur búnaður 0,8 mkr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

Netþjónar voru keyptir til að viðhalda lágmarks afkastagetu og umframrýmd fyrir kerfi og vefi sem hýst eru í vélasölum borgarinnar. Ný símtæki voru keypt vegna úreldingar eldri tækja.

Gagnageymslur og annar smærri miðlægur búnaður var keyptur til að viðhalda lágmarks afkastagetu og umframrýmd fyrir kerfi og vefi sem hýst eru í vélasölum borgarinnar.

**Forgreining og innleiðing fyrsta fasa ISE (e. *Identity Service Engine*) öryggiskerfa.
Kostnaður 11,07 mkr.**

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Kaup á kerfinu sjálfu eru ekki inn í þessum tölum, borgin átti fyrir leyfi (e. *entitlement*) til að setja upp og nota kerfið.

Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi?

Enginn kostnaður hlaut af útvegum afnotaleyfis fyrir kerfið.

Af hverjum var kerfið keypt?

Ekki þurfti að kaupa kerfið, borgin hafði fyrir afnotaleyfi fyrir kerfið.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?

Já. Útvegum þessa leyfis var á grundvelli samkeppnisviðræðna um rekstur víðnets borgarinnar 13668.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?

Nei. Borgin er skuldbundin skv. samkeppnisviðræðum 13668 að öll útvegum, uppsetning og innleiðing þessa kerfis sé á grundvelli þess samnings.

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?

Já. ISE kerfið hefur verið tekið í notkun en eingöngu verið innleitt í Borgartúni þar sem verið er að villuprófa kerfið, uppsetningu þess og tryggja að það virki með þeim tækjum sem í notkun eru hjá borginni.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Uppsetningu og innleiðingu á kerfi sem getur stýrt með skilvirkum hætti lagsskiptingu netkerfis borgarinnar, hvaða tæki og hvaða notandi tengist hvaða lagi.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

Vinna við fyrsta fasa ISE kerfisins hefur kostað 11,07 mkr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

Til að bera kennsl á hvaða búnaður er að tengjast neti borgarinnar með það að markmiði að notendur tölvuumhverfisins hafi sem bestan og greiðastan aðgang að þeim kerfum og gögnum sem þeir þurfa. Einnig, að koma í veg fyrir að óviðkomandi aðilar geti tengt búnað á net borgarinnar til að nálgast kerfi og gögn eða hlera netumferð.

Forgreining, grunnuppsetning og innleiðing fjarheilbrigðisþjónustu í samvinnu við Velferðartæknismiðju. Kostnaður 2,11 mkr.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?
MeMaxi og KaraConnect.

Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi?

Afnotaleyfi fyrir MeMaxi voru greidd af Velferðartæknismiðju, eingöngu var greitt fyrir innleiðingu og standsetningu stjórnerkis fyrir spjaldtölvur fyrir þjónustuþega. Afnotaleyfi KaraConnect var greitt á meðan innleiðingu stóð, alls 1,3 mkr.

Af hverjum var kerfið keypt?

Þjónusta fyrir Memaxi spjaldtölvur var keypt af Advania og þjónusta og leyfi fyrir KaraConnect var keypt af KaraConnect.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?

Nei. Innkaup voru ákveðin af öðru sviði sem tók við greiðslum eftir að innleiðingu lauk.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?

Óvíst. Brýn þörf var fyrir hraða innleiðingu fjarheilbrigðislausna og jafnræðis var gætt með því að kaupa lausnir af þeim tveim aðilum sem hafa mest unnið með innlendum heilbrigðisstofnunum.

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?

Þau voru strax tekin í notkun.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Uppsetningu og aðstoð við innleiðingu þessara tveggja kerfa fyrir fjarheilbrigðisþjónustu.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

- MeMaxi, vinna við inTune og TeamViewer uppsetningu til að stýra spjaldtölvum fyrir þjónustuþega, 411.600 kr.
- KaraConnect, afnotaleyfi, 1,3 mkr.
- KaraConnect, aðstoð við innleiðingu, 740.000 kr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

Brýn þörf var fyrir hraða innleiðingu fjarheilbrigðislausna vegna Covid-19.

Forgreining og þróun aðgangsumsýslukerfis. Kostnaður 4,54 mkr.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Á ekki við, ekki var keypt kerfi.

Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi?

Á ekki við, ekki var keypt kerfi.

Af hverjum var kerfið keypt?

Á ekki við, ekki var keypt kerfi.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?

Á ekki við, ekki var keypt kerfi.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?

Á ekki við, ekki var keypt kerfi.

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?

Á ekki við, ekki var keypt kerfi.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Verið var að þróa nýja virkni í aðgangsumsýslukerfi borgarinnar auk þess sem að unnið var að greiningu virkni eldra kerfis sem hluta af þarfagreiningu fyrir nýtt auðkenna- og aðgangsumsýslukerfis.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

- Þróun nýrrar virkni í núverandi kerfi, 2,23 mkr.
- Þarfagreining fyrir nýtt auðkenna- og aðgangsumsýslukerfi, 2,3 mkr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

Þessu verkefni er ætlað að tryggja öruggari meðferð auðkenna í tölvuumhverfi borgarinnar og stuðla að aukinni sjálfvirkni við aðgangsumsýslu með í hlutverkastýrðri aðgangsstjórnun (e. role based access).

Uppsetning og innleiðing á viðbótarvirkni í afritunarlausn. Kostnaður 1,3 mkr.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Á ekki við. Ekkert kerfi var keypt heldur innleidd aukin þjónusta innan gildandi samnings til að tryggja viðunandi upplýsingaöryggi.

Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi?

Á ekki við, ekki var keypt kerfi.

Af hverjum var kerfið keypt?

Þjónustan er keypt af Origo innan samnings um afritunarþjónustu.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?

Á ekki við, ekki var keypt kerfi.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?

Á ekki við, ekki var keypt kerfi.

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?

Á ekki við, ekki var keypt kerfi.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Öryggisafritun fyrir ný kerfi og nýja vefi auk afritunar af gagnasvæðum borgarinnar í hýsingu ytri aðila sem ekki voru í öryggisafritun.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

Þróun afritunarlausnar, 1,3 milljónir.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

Öryggisafritun sem hýst er á öruggum stað utan tölvuumhverfisins er nauðsynleg til að mögulegt sé að endurheimta gögn sem tapast og tryggja samfelldan rekstur ef alvarleg áföll verða.

Forgreining, uppsetning og innleiðing á kerfi fyrir stjórnun samþættingar og forritaskila í WebMethods og Azure DevOps fyrir verkstýringu vef- og hugbúnaðarverkefna. Kostnaður 14,87 mk.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Kaup á kerfinu sjálfu eru ekki inn í þessum tölum, borgin útvegi leyfi (*e. entitlement*) til að setja upp og nota kerfin með útboðum.

Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi?

Kaup á kerfinu sjálfu eru ekki inn í þessum tölum, borgin útvegi leyfi (*e. entitlement*) til að setja upp og nota kerfin með útboðum.

Af hverjum var kerfið keypt?

WebMethods var keypt af Advania og Azure DevOps af Microsoft í gegnum samning við Crayon. Þjónusta við forgreiningu, uppsetningu og innleiðingu var keypt af Mannvit, Advania og Sii.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?

Já, kaup á þessum kerfum voru boðin út. Útboð 15006 fyrir Samþættingarlausn og útboð 14330 – Microsoft EAS.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?

Já, hagstæðasta tilboði var tekið í hvoru útboði fyrir sig.

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?

Já.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Þjónustu við forgreiningu, uppsetningu og innleiðingu á WebMethods og Azure DevOps.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

- WebMethods, 9,86 mkr.
- Azure DevOps, 5,01 mkr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

WebMethods samþættingarlausnin var keypt til að koma í veg fyrir, eftir því sem mögulegt er, að sama forritunarvinnan sé unnin fyrir mörg kerfi, að forritaskilum og samtengingum kerfa borgarinnar við kerfi ytri aðila sé stjórnað með skilvirkum og öruggum hætti. Þá gerir kerfið borginni kleift að innleiða stýringar fyrir samþættingu, uppfærslu og viðhald stofnskráa í einu kerfi úr mörgum kerfum eða skráum. Azure DevOps kerfi fyrir verkstýringu í vef- og hugbúnaðarverkefna er öflugt og handtækt kerfi sem er hluti af áskriftarsamning borgarinnar við Microsoft.

Ný vefkerfi, viðbætur og þróun vefa og rafrænnar Reykjavíkur. Kostnaður 17,71 mkr.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Þróun, prófanir og uppsetning viðbóta, sérfræðivinna og nývirkni fyrir vefumhverfi ýmis konar lausna.

Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi?

Ekki var fjárfest í upplýsingakerfum heldur viðbótum/nýrri virkni eða þróun nýrrar virkni í eldri kerfum.

Af hverjum var kerfið keypt?

1x Internet, Advania, IOS hugbúnaði, Kolibri, Sii og Taktikal.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?

Innkaup á viðbótum og hönnun nýrrar virkni voru byggð á fyrirliggjandi samningum við framleiðendur viðkomandi kerfa.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?

Nei, þar sem innkaup byggðust á gerðum samningum.

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?

Já, allar viðbætur sem þróaðar voru hafa verið teknar í notkun.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Þróun, prófanir og uppsetning viðbóta, sérfræðivinna og nývirkni fyrir vefumhverfi ýmis konar lausna.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

Kostnaður var 17,71 mkr. og sundurliðast svo:

- Verkefnastýring, 12,14 mkr.
- Aðrar viðbætur, 5,57 mkr.

Af hverju voru fyrr greind kerfi keypt?

Ný virkni var forrituð.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

Ekki var fjárfest í upplýsingakerfum heldur viðbótum/nýrri virkni eða þróun nýrrar virkni í eldri kerfum.

Kaup á notendabúnaði til útleigu til starfsstaða borgarinnar. Kostnaður 330,98 mkr.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Engin kerfi voru keypt, einungis endabúnaður til útleigu til starfsstaða.

Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi?

Engin kerfi voru keypt, einungis endabúnaður til útleigu til starfsstaða.

Af hverjum var kerfið keypt?

Engin kerfi voru keypt, einungis endabúnaður til útleigu til starfsstaða.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?

Framkvæmdar voru verðfyrirspurnum og verðkönnunum innan rammasamnings.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?

Nei, Reykjavíkurborg er skuldbundin til að versla innan rammasamnings.

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?

Já.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Fundarskjáum, fjarfundabúnaði, borðtölvum, fartölvum, prenturum, spjaldtölvum, krómbókum, hljóðkerfi, uppsetningu á búnaði á notkunarstað

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

- Búnaður 277,3 mkr.
- Verkefnastýring 53,7 mkr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

Þessi búnaður er keyptur til að mæta þörfum borgarinnar fyrir tölvu- og notendabúnað.

Auk ofan talinna kerfa þá var haldið áfram með undirbúning og innleiðingu á eftirfarandi lausnum:

Hlaðan – Upplýsingastjórnkerfi borgarinnar. Kostnaður 174,88 mkr.

Innleiðing og áfangagreiðslur vegna upplýsingastjórnunarkerfis borgarinnar.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Ekkert upplýsingakerfi var keypt árið 2020. Samþykkt var um afnot og aðlögun á GoPro Foris, Hlöðunni, upplýsingastjórnunarkerfi borgarinnar.

Af hverjum var hvert upplýsingakerfi keypt?

Samið var um afnot og aðlögun á hugbúnaðarlausn frá Hugvit.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindum upplýsingakerfum?

Já, framkvæmt var útboð árið 2019.

Voru fleiri valkostir fyrir hendi í hverju tilviki?

Já, það voru fleiri aðilar sem tóku þátt í útboðsferlinu.

Hafa öll fyrrgreind upplýsingakerfi verið tekin í notkun?

Já, að hluta. Lausnin er enn þá í innleiðingu.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Innleiðingu og áfangagreiðslu vegna upplýsingastjórnunarkerfis borgarinnar.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

Alls nam kostnaður vegna lausnarinnar árið 2020 samtals 174.876.316 mkr.

Kostnaðurinn skiptist í:

- Tölvu- og hugbúnaðarþjónusta: 473.928 kr.
- Staðlaður hugbúnaður: 710.892 kr.
- Sérfræðiþjónusta - tölvubúnaður: 126.041.328 kr.
- Innleiðing og verkefnastýring: 47.568.706 kr.
- Annar kostnaður: 81.462 kr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

Eldra kerfi uppfyllti ekki lengur kröfur sem gerðar eru til upplýsinga- og skjalastjórnunarkerfis.

Nýr vefur fyrir Borgarskjalasafn Reykjavíkur. Kostnaður 2,41 mkr.

Þarfagreining, hönnun, þróun og uppsetning á nýju vefsvæði fyrir Borgarskjalasafn Reykjavíkur sem lagaði aðgengi og upplýsingamiðlun í takt við nútímakröfur. Skoða tengingar við upplýsingasöfn.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Ekkert upplýsingakerfi var keypt.

Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi?

Enginn kostnaður varð til vegna kaupa á upplýsingakerfi.

Af hverjum var kerfið keypt?

Á ekki við, ekkert upplýsingakerfi var keypt. Vefumsjónarkerfið sem er notað er gefið út samkvæmt samningum um opin hugbúnað. (e. open source) sem felur í sér gjaldfrjáls afnot gegn framlagi sem getur nýst til áframhaldandi þróunar kerfisins.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?

EKKI var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi því áætlaður kostnaður gaf ekki tilefni til þess. Notast var við samanburð við innkaup.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?

Nei ekki varðandi val á kerfi þar sem um uppfærslu/breytingar á fyrirliggjandi kerfi var að ræða.

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?

Nei, vefsvæðið hefur ekki verið opnað.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Þjónustu og sérfræðiráðgjöf við hönnun, breytingar, verkefnastýringu, uppsetningu, framkvæmd, forritun, rýni og innleiðingu.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

Alls nam kostnaður vegna verkefnis árið 2020 samtals 2.413.204 kr.

Kostnaðurinn skiptist í:

- Sérfræðiþjónusta - tölvubúnaður: 796.000 kr.
- Innleiðing og verkefnastýring: 1.617.204 kr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

Verkefnið var unnið að beiðni Borgarskjalasafnsins. Eldri vefur orðinn úreldur og í vefumsjónarkerfi sem ekki er lengur stutt við.

Ný samskiptalausn fyrir framlínubjónustu. Kostnaður 6,83 mkr.

Undirbúningur og greining fyrir nýja samskiptalausn fyrir framlínubjónustu Reykjavíkurborgar.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Ekkert upplýsingakerfi var keypt.

Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi?

Á ekki við. Enginn kostnaður varð til vegna kaupa á upplýsingakerfi.

Af hverjum var kerfið keypt?

Á ekki við, ekkert upplýsingakerfi var keypt.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?

Á ekki við.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?

Á ekki við, verkefnið er enn í vinnslu

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?

Á ekki við, verkefnið er enn í vinnslu.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Undirbúningi og greiningu í fyrir nýja samskiptalausn fyrir framlínuþjónustuborgarinnar.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

Alls nam kostnaður vegna verkefnisins árið 2020 samtals 6.832.412 kr.

Kostnaðurinn skiptist í:

- Sérfræðiþjónusta - tölvubúnaður: 23.816 kr.
- Verkefnastýring og undirbúningur: 6.808.596 kr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

Ekkert kerfi hefur verið keypt. Verkefnið var unnið að beiðni þjónustuversins. Undirbúningur lagður að nýrri notendavænni lausn fyrir þjónustuþega borgarinnar og starfsfólk.

Ný tenging við Þjóðskrá (vefþjónusta). Kostnaður 4,04 mkr.

Uppfærsla á tengingum við nokkur grunnkerfi borgarinnar.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Ekkert kerfi var keypt.

Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi?

Á ekki við. Enginn kostnaður varð til vegna kaupa á upplýsingakerfi.

Af hverjum var kerfið keypt?

Á ekki við. Ekkert kerfi var keypt. Samið var við Prógramm um forritunarvinnu.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?

Ekki var viðhaft útboð á fyrrgreindri lausn, því áætlaður kostnaður gaf ekki tilefni til þess. Notast var við samanburð við innkaup.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?

Já.

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?

Já, lausnin hefur verið tekin í notkun og verkefninu er lokið.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Uppfærsla á tengingum við nokkur grunnkerfi borgarinnar. Lausnin hefur verið tekin í notkun og verkefninu er lokið.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

Alls nam kostnaður vegna verkefnisins árið 2020 samtals 4.037.890 kr.

- Sérfræðiþjónusta - tölvubúnaður: 1.860.852 kr.
- Ýmis starfsmannakostnaður: 4875 kr.
- Innleiðing og verkefnastýring: 2.172.163 kr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

Nauðsynlegt er að hafa réttar tengingar við grunnkerfi borgarinnar.

Forgreining og undirbúningur þróunar - Mínar síður. Kostnaður 4,86 mkr.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Ekkert upplýsingakerfi var keypt

Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi?

Enginn kostnaður varð til vegna kaupa á upplýsingakerfi.

Af hverjum var kerfið keypt?

Á ekki við, ekkert upplýsingakerfi var keypt. Vefumsjónarkerfið sem er notað er gefið út samkvæmt samningum um opin hugbúnað. (e. open source) sem felur í sér gjaldfrjáls afnot gegn framlagi sem getur nýst til áframhaldandi þróunar kerfisins.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?

Ekki var viðhaft útboð því áætlaður kostnaður gaf ekki tilefni til þess. Notast var við samanburð við innkaup.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?

Já.

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?

Já afurðin, vefsvæðið er í notkun.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Þjónustu og sérfræðiráðgjöf við hönnun, tæknilega úttekt, verkefnastýringu, uppsetningu, framkvæmd, forritun, rýni.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

- Verkefnastýring og innleiðing: 1.058.264 kr.
- Sérfræðiþjónusta: 1.416.352 kr.
- Sérfræðiþjónusta - tölvubúnaður: 907.440 kr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

Undirbúningur til að auka sjálfsafgreiðslu íbúa í samskiptum við borgina í gegnum nútímalegra viðmót í takt við þjónustustefnu borgarinnar.

Stjórnendaupplýsingar í QlikSense. Kostnaður 55,65 mkr.

Lausn sem tekin hefur verið í notkun til að draga fram tölfræðiupplýsingar úr gögnum Reykjavíkurborgar. Áframhaldandi innleiðing.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Samið var um afnot af lausninni QlikSense.

Af hverjum var kerfið keypt?

Samið var við Capacent um afnot af lausninni.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?

Já.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?

Já.

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?

Já, lausnin hefur verið tekin í notkun.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Lausn til að draga fram tölfræðiupplýsingar úr gögnum borgarinnar.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

Alls nam kostnaður vegna verkefnisins árið 2020 samtals 55.645.040 kr. og er tilkominn vegna leyfisgjalda, innleiðingar og verkefnastýringar.

Kostnaðurinn skiptist í:

- Innleiðing og verkefnastýring: 44.613.622 kr.
- Leyfisgjöld: 11.031.418 kr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

Lausnin var tekin í notkun til að hægt sé að draga fram tölfræðiupplýsingar á einfaldan og skýra hátt.

Verkefnastjórnunarkerfið PIAB. Kostnaður 4,0 mkr.

Aðlögun og innleiðing að verkefnastjórnunarkerfinu PIAB.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Ekkert upplýsingakerfi var keypt. Innleidd var lausn sem þegar hafði verið samið um notkun á hjá borginni.

Af hverjum var kerfið keypt?

Á ekki við.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?

Nei, enda var ekkert kerfi keypt.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?

Á ekki við. Ákveðið var að innleiða lausn fyrir verkefnastjóra Þjónustu- og nýsköpunarsviðs sem þegar hefur verið tekin í notkun hjá borginni.

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?

Já.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Innleiðing og aðlögun á verkefnastjórnunarhugbúnaði.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

Alls nam kostnaður vegna verkefnisins árið 2020 samtals 4.006.209 kr.

Sundurliðun kostnaðar:

- Sérfræðiþjónusta - tölvubúnaður: 490.000 kr.
- Verkefnastýring og innleiðing: 3.516.209 kr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

Lausnin var innleidd að beiðni verkefnaráðs Þjónustu- og nýsköpunarsviðs, svo hægt væri að halda betur utan um verkefni og stýringu þeirra.

Hröðun innleiðingar - Hlaðan 2. Kostnaður 68,16 mkr.

Sérstök viðbótarheimild til að flýta fyrir innleiðingu á Hlöðunni, upplýsingastjórnunarkerfi Reykjavíkurborgar og stuðla að bættri skjala- og upplýsingastýringu.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?
Á ekki við.

Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi?
Á ekki við.

Af hverjum var kerfið keypt?
Á ekki við.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?
Á ekki við.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?
Á ekki við.

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?
Hlaðan hefur verið tekin í notkun að hluta. Innleiðing er ennþá í gangi.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?
Sérstök viðbótarheimild til að flýta fyrir innleiðingu á Hlöðunni, upplýsingastjórnunarkerfi Reykjavíkurborgar.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?
Alls nam kostnaðurinn árið 2020 samtals 68.156.963 kr.
Kostnaðurinn skiptist í eftirfarandi:

- Tölvu- og hugbúnaðarþjónusta: 100.600 kr.
- Önnur sérfræðiþjónusta: 256.711 kr.
- Ljósmyndun, myndbanda- og kvikmyndagerð: 3.078.796 kr.
- Prentun, fjölritun, bókband, ljósritun og skönnun: 64.964 kr.
- Önnur leiga: 15.000 kr.
- Sérfræðiþjónusta: 7.416.659 kr.
- Sérfræðiþjónusta - tölvubúnaður: 9.847.566 kr.
- Innleiðing og verkefnastýring: 47.374.989 kr.
- Annar kostnaður: 1.678 kr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?
Á ekki við.

Umsjónarkerfi fyrir kannanir. Kostnaður 2,09 mkr.

Greining á lausnum sem notaðar eru við framkvæmd kannanna hjá borginni. Tilgangurinn verkefnisins var að finna eina lausn sem gæti nýst öllum. Ákveðið var að fara í tilraunarverkefni með eina lausn.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?
Ekkert upplýsingakerfi var keypt.

Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi?
Á ekki við.

Af hverjum var kerfið keypt?
Á ekki við.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?
Á ekki við.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?
Já, nokkrar lausnir voru skoðaðar.

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?
Á ekki við. Ekkert kerfi var keypt.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?
Greiningu og verkefnastýringu að lausn sem gæti hentað fyrir framkvæmd kannana.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?
Alls nam kostnaðurinn við verkefnið 2020 samtals 2.092.482 kr.

- Verkefnastjórnun og greining: 2.092.482 kr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?
Á ekki við.

Vöruhús gagna, greiningarvinna og prófun. Kostnaður 5,0 m.kr.
Greining á vöruhúsi gagna fyrir Reykjavíkurborg og prófun á lausn.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?
Ekkert kerfi var keypt, Azure Data Lake er gagnahýsingarumhverfi fyrir gögn borgarinnar sem getur tekið við og hýst gögn frá nánast hvaða kerfi borgarinnar sem er. Þetta er öflugt og handtækt kerfi sem er hluti af áskriftarsamning borgarinnar við Microsoft.

Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi?
Á ekki við, ekki var keypt kerfi,

Af hverjum var kerfið keypt?

Azure Data Lake er hluti af Microsoft svítunni í gegnum samning við Crayon. Þjónusta við forgreiningu, uppsetningu og innleiðingu var innifalin í þjónustusamningi fyrir Microsoft leyfin.

Var viðhaft útboð á fyrrgreindu kerfi?

Já, útboð 14330 – Microsoft EAS.

Voru fleiri valkostir í hverju tilviki?

Já, hagstæðasta tilboði var tekið.

Hafa öll fyrrgreind kerfi verið tekin í notkun?

Já.

Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni?

Microsoft leyfi og uppsetning og innleiðingu á skýjaþjónum fyrir Azure Data Lake.

Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi?

Greining á vöruhúsi gagna fyrir Reykjavíkurborg og prófun á lausn. Lausn hefur verið tekin í notkun. Alls nam kostnaðurinn við verkefnið 2020 samtals 5.000.125 kr.

Kostnaðurinn skiptist í:

- Staðlaður hugbúnaður: 83.647 kr.
- Sérfræðiþjónusta: 830.250 kr.
- Sérfræðiþjónusta - tölvubúnaður: 4.043.250 kr.
- Annar kostnaður: 42.978 kr.

Af hverju voru fyrrgreind kerfi keypt?

Það vantaði miðlægan vettvang fyrir gögn borgarinnar þar sem hægt væri að framkvæma flóknari tölfræðigreiningar og birta niðurstöður þeirra, sem síðan er hægt að nýta til betri ákvarðanatöku sem og gefa innsýn inn í rekstur og heilbrigði skipulagseininga borgarinnar.

Forgreining á beiðnakerfi. Kostnaður 0,84 mkr.

Beiðnakerfi fyrir upplýsingatækniþjónustuna. Greiningarvinna fór fram árið 2020.

Hvaða upplýsingakerfi voru keypt?

Ekkert upplýsingakerfi var keypt.

Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi?

Á ekki við.

Af hverjum var kerfið keypt?

Á ekki við.

